

Upplýsingar og regluverk - Útgáfa 5

FLORIDANA deildin er til þess fallin að allir geta tekið þátt í deild sem hentar þeirra getu og að allir sem taka þátt fá verðuga keppni og spila við leikmenn af svipuðum styrkleika og geta leikmenn því farið upp og niður um deildir eftir því hvernig þeir spila.

Skipting deilda

FLORIDANA deildin er leikin bæði í Reykjavík og á Akureyri (NA-deild). Í FLORIDANA deildinni er ein efsta deild fyrir allt landið sem nefnist Kristalsdeild. Aðrar deildir skiptast síðan í Gulldeild, Silfurdeild, Bronsdeild, Kopardeild og svfr. eftir því hve margir keppendur taka þátt hverju sinni á hvoru landssvæði.

12 keppendur leika í Kristals- og Gulldeildum en að hámarki 9 í öðrum deildum. Ekki er þak á fjölda deilda og fer fjöldi deilda eftir fjölda skráninga. Keppni í Kristals- og Gulldeildum er leikinn í riðlum og útslætti en í öðrum deildum í riðlum.

Umferðir

Umferðir í FLORIDANA deildinni verða spilaðar á laugardegi eða sunnudegi og verða umferðir auglýstar á dagatali dart.is. Stefnt er að því að spila 5 til 7 umferðir á hverju ári.

Spilafyrirkomulag

Allir leikir í FLORIDANA deildinni eru 501, einfaldur inn, tvöfaldur út. Spilað er best af 7 leggjum í Kristalsdeild, Gulldeildum og best af 5 leggjum í öllum öðrum deildum. Í öllum kvennadeildum er spilað best af 5 leggjum í riðlum. Búllað er fyrir fyrsta legg og gengur búllið í gegn. Í 9 manna deild spilast 3 leikir í einu með 3 skrifurum. Samtals gera þetta 36 leiki yr daginn eða 12 umferðir.

Gert er ráð fyrir að fyrstu leikir hefjist kl. 10:30 en staðfesta þarf skráningu á mótstað amk. 45 mín fyrir upphaf allra deilda. Mótstaður opnar kl. 09:00. Leiktími í hverri deild er áætlaður um 7 klst en það fer að sjálfsögðu eftir fjölda leikmanna og spjaldanotkun hverru sinni. Fjöldi keppenda í deildum fer eftir skráningum, en reynt er eftir fremsta megni að hafa 8 til 9 leikmenn í hverri deild.

Stigagjöf

1 stig er geð fyrir sigur í hverjum leik í riðlum/deildum. Eftir hverja spilaða umferð þá er sigurvegarinn sá sem sigrar esta leiki. Ef keppendur hafa sigrað jafn marga leiki þá ræður leggjámunur og síðan innbirgðis viðureign. Ef keppendur eru ennþá jafnir þá er horft á unna leggi og að lokum meðaltal keppanda.

Tveir efstu keppendur í hverri umferð tryggja sig upp um amk. eina deild í næstu umferð. Tveir neðstu keppendur í hverri umferð falla niður um amk. eina deild í næstu umferð.

Skráning, röðun í deildir og meðaltöl

Leikmenn þurfa að skrá sig fyrir hverja umferð fyrir sig en ekki er krafa að taka þátt í öllum umferðum. Skráning fer eingöngu fram á dart.is og þarf að greiða þáttökugjald við skráningu svo skráning sé gild.

Í öllum deildum nema Kristals- og Gulldeildum er keppendum er raðað í deildir eftir úrslitum fyrri umferðar og meðaltali keppanda eftir hverja spilaða umferð. Nánar er fjallað um fyrirkomulag Kristals- og Gulldeilda neðar í skjalinu.

Ef leikmaður mætir ekki í umferð lækkar meðaltal hans um 5% við hverja sleppa umferð, gildir þetta fyrir leikmenn í ÖLLUM deildum. Meðaltal allra keppenda er geð út eftir hverja umferð og er aðgengilegt á dart.is

Þáttökugjald

Þáttökugjald fyrir hverja umferð er 3.500 kr og greiðist með greiðslukorti eða inneign um leið og skráning er gerð.

Kristalsdeild

Kristalsdeild er efsta deild landsins og er óháð staðsetningu leikmanna. 12 leikmenn leika í Kristalsdeild í tveimur 6 manna riðlum sem raðast á eftirfarandi hátt út frá stöðu leikmanna í deildum í umferðinni á undan. Kristalsdeild gefur est stig á Stigalista ÍPS.

A riðill	B riðill
1. sæti	2. sæti
3.-4. sæti	3-4. sæti
5.-8. sæti	5.-8. sæti
5.-8. sæti	5.-8. sæti
9. sæti	1. sæti Gulldeild RVK
2. sæti Gulldeild RVK	1. sæti Gulldeild AK

Leikir í riðlum eru spilaðir í best af 7. Þegar riðlum er lokið er leikið í efri og neðri útslætti.

Í **efri útslætti** spila leikmenn í 1. - 4. sæti í sínum riðli við gagnstæð sæti í hinum riðlunum í 8 manna úrslitum þar til einn stendur uppi sem sigurvegari. Í 8 manna úrslitum er spilað best af 7, í undanúrslitum best af 9 og í úrslitaleik, best af 11

Í **neðri útslætti** spila 4 leikmenn í kross 5. sæti riðils við 6. sæti riðils. Þar er spilað upp á eitt laust sæti til að halda sér í Kristalsdeild. Best af 7 í undanúrslitum, best af 9 í úrslitum. 3 leikmenn falla úr Kristalsdeild.

Meðaltöl leikmanna í Kristalsdeild í umferðinni á undan hafa engin áhrif á uppröðun deildarinnar.

Ef leikmaður sem á að vera í Kristalsdeild mætir ekki í umferð er sá leikmaður sem lenti í 3. sæti Gulldeildar RVK boðið sætið, því næst 2. sæti Gulldeildar NA, svo 4. sæti Gull RVK, því næst 3. sæti Gulldeild NA o.s.frv. Þau sæti sem eru eyrnamerkt RVK og NA deild halda sér ef varamenn úr þeim deildum komast ekki. Þannig að ef 2. Sæti Gulldeildar NA kemst ekki, þá fær 3. sæti Gulldeildar NA boð um sætið o.sv.frv. Ef leikmenn dattu út á sama tíma í útslættinum þá ræður meðaltalið hver fær sætið. Ástæðan fyrir því að Gulldeild RVK fær fleiri sæti og er með örlítið meiri forgang á sæti sem losna í Kristalsdeild er meðatalsárangur deildanna á árinu 2023 þar sem Silfurdeild RVK var með betra meðaltal en Gulldeild NA. Þetta fyrirkomulag verður síðan endurskoðað árlega út frá meðaltali og árangri leikmanna í Gulldeildum beggja landshluta.

Gulldeildir (RVK og NA-deild)

Gulldeildir í RVK og NA-deild eru næst-efstu deildir landsins og safna þær jafn mörgum stigum á **Stigalista ÍPS**. Gulldeildir leika eftir sambærilegu fyrirkomulagi og Kristalseild þar sem 12 leikmönnum er skipt í tvo 6 manna riðla sem raðast á víxl eftir stöðu leikmanna í umferðinni á undan.

Leikir í riðlum eru spilaðir í best af 7. Þegar riðlum er lokið er leikið í efri og neðri útslætti.

Í **efri útslætti** spila leikmenn í 1. - 4. sæti í sínum riðli við gagnstæð sæti í hinum riðlunum í 8 manna úrslitum þar til einn stendur uppi sem sigurvegari. Í 8 manna úrslitum er spilað best af 7, í undanúrslitum best af 9 og í úrslitaleik, best af 11. Leikmenn sem tryggja sér sæti í 8 manna úrslitum halda stöðu sinni í Gulldeild óháð meðaltali sínu í umferðinni.

Í **neðri útslætti** spila 4 leikmenn í kross 5. sæti riðils við 6. sæti riðils. Þeir leikmenn sem tapa í neðri útslætti eru fallnir niður í Silfurdeild.

Leikmaðurinn sem vinnur neðri útslættinn er öruggur í Gulldeild í næstu umferð en leikmaðurinn sem tapar úrslitaleiknum í neðri útslætti þarf að treysta á meðaltal hans dugi til að halda sæti sínu í deildinni í næstu umferð. Spilað er best af 9 í neðri útslætti - Einn leikur.

Leikmenn í 1. og 2. sæti í Gulldeild RVK og leikmaður í 1. sæti í Gulldeild NA tryggja sér sæti í Kristalsdeild. Leikmenn sem falla úr Kristalsdeild eiga tryggt sæti í Gulldeildum óháð meðaltali sínu. Leikmenn í 1. og 2. sæti í Silfurdeildum tryggja sér sæti í Gulldeildum.

Meðaltalspláss

Að minnsta kosti 1 pláss í Gulldeildum eru svokallað meðaltalspláss þar sem leikmenn geta komist í deildina með góðu meðaltali. Ef leikmaður sem á að vera í Gulldeild mætir ekki í umferð bætist við annað meðaltalspláss og viðkomandi leikmaður missir sæti sitt í Gulldeild í næstu umferð, nema meðaltal hans sé það gott að hann komist inn í meðaltalspláss.

Floridana kvennadeildir (RVK og NA-deild)

ÍPS byrjar aftur með kvennadeildir í Floridana mótaroðinni.

Á nýju ári (2025) ákváðum við að byrja aftur með kvennadeild og er greinilega áhuginn mikill á því þar sem metþáttaka er hjá konum í Floridana deildinni í 1. umferðinni.

Haft er til hliðsjónar upplýsingar og regluverk Floridana deildanna við fyrirkomulag og skipulag kvennadeildanna. Á meðan við erum að þróa kvennadeildirnar og óvissa er um fjölda kvenna sem munu taka þátt, þá áskilur ÍPS sér þann rétt að breyta fyrirkomulagi, regluverki og stigasöfnun eins og þörf er á með hagsmuni kvennapíllunnar á Íslandi að leiðarljósi.

Það er von okkar að efla og breiða út enn frekar kvennapílu á Íslandi og er tilkoma Floridana kvennadeilda einn liður í þessar vegferð okkar.

Það er metþáttaka í 1. Umferð kvennadeildarinnar í RVK (21 konur) og NA (10 konur) sem er frábært. Við ætlum að byrja á svipuðu fyrirkomulagi í RVK og er í Gull og Silfurdeild hjá blönduðu deildunum.

Gulldeild - Fyrirkomulag

Gulldeildir leika eftir sambærilegu fyrirkomulagi og í blönduðu (Karla) Gulldeildinni. Fyrirkomulag og fjöldi leikmanna í Gulldeild kvenna og annara kvennadeilda fer eftir þátttöku í fyrsta móti ársins og svo er gert ráð í framhaldi að raða í deildir út frá niðurstöðu fyrstu umferðar.

Spilað verður best af 5 í riðlum. Þegar riðlum er lokið er leikið í efri og neðri útslætti. Spilað verður í efri og neðri útslætti út frá sæmbærilegu fyrirkomulagi og gert er í blönduðu Gulldeildinni.

Efri útsláttur:

8 manna – Best af 5

Undanúrslit – Best af 7

Úrslit – Best af 9

Í **efri útslætti** spila leikmenn í 1. - 4. sæti í sínum riðli við gagnstæð sæti í hinum riðlunum í 8 manna úrslitum þar til einn stendur uppi sem sigurvegari. Í 8 manna úrslitum er spilað best af 5, í undanúrslitum best af 7 og í úrslitaleik, best af 9. Leikmenn sem tryggja sér sæti í 8 manna úrslitum halda stöðu sinni í Gulldeild óháð meðaltali sínu í umferðinni.

Neðri útsláttur:

Undanúrslit – Best af 7

Úrslit – Best af 9

Í **neðri útslætti** spila 4 leikmenn í kross 5. sæti riðils við 6. sæti riðils. Þeir leikmenn sem tapa í neðri útslætti eru fallnir niður í Silfurdeild. Leikmaðurinn sem vinnur neðri útsláttinn er öruggur í Gulldeild í næstu umferð en leikmaðurinn sem tapar úrslitaleiknum í neðri útslætti þarf að treysta á meðaltal hans dugi til að halda sæti sínu í deildinni í næstu umferð. Spilað er best af 9 í neðri útslætti - Einn leikur.

Það er von okkar hjá ÍPS að þátttaka kvenna aukist við þessa breytingu og samhliða því þá er ætlun okkar að þróa kvennadeildirnar á svipaðan hátt og við gerðum í blönduðu deildunum.

Stigasöfnun – Stigalisti kvenna

Gulldeildir kvenna í RVK og NA-deild eru efstu deildir landsins og er stigasöfnun kvenna sambærileg og var notuð áður. Konur geta skráð sig í bönduðu deildina en stig sem eru áunnin í blönduðu deildinni hafa ekki áhrif á stigalista í kvennadeildinni. Það sama á við stig sem eru söfnuð í kvennadeildinni hafa ekki áhrif á stigalista í blönduðu deildinni.

ÍPS kvennadeild – RVK

Gulldeild - RVK

1. sæti	20 stig
2. sæti	15 stig
3.-4. sæti	10 stig
5.-8. sæti	6 stig
9. sæti	4 stig
10. sæti	3 stig
11.-12. sæti	2 stig

Silfurdeild – RVK

1. sæti	4 stig
2. sæti	3 stig
3.-4. sæti	2 stig
5.-7. sæti	1 stig

ÍPS kvennadeild – NA

Gulldeild - NA

1. sæti	10 stig
2. sæti	8 stig
3.-4. sæti	6 stig
5.-8. sæti	4 stig
9. sæti	3 stig
10. sæti	2 stig
11.-12. sæti	1 stig

Silfurdeild – NA

1. Sæti	3. stig
2. Sæti	2. stig
3.-4. Sæti	1. Stig